

Samstarfsyfirlýsing

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Alþýðusamband Íslands (ASÍ), Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), Samtök atvinnulífsins (SA), fjármálaráðuneyti, og Samband íslenskra sveitarfélaga eru sammála um að efla samstarf sitt um að hækka menntunarsstig íslensku þjóðarinnar til aukinnar virkni í atvinnulífi og samfélaginu í heild.

Aðilar þessa samkomulags munu sameiginlega vinna markvisst að því að hlutfall fólks á vinnumarkaði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar verði ekki hærra en 10% árið 2020. Til að ná því markmiði verður framhaldsfræðsla efl. Jafnframt verði tryggt að menntun og færni sem er metin innan framhaldsfræðslunnar verði viðurkennd innan framhaldsskólans og þeir sem þess óska geti bætt við menntun sína án hindrana.


Frá árinu 2003 hafa mennta- og menningarmálaráðuneyti, ASÍ og SA starfað saman að símenntun á íslenskum vinnumarkaði á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 13. desember 2001 og 15. nóvember 2005; 5. tölulið yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar til að greiða fyrir samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um áframhaldandi kjarasamninga frá 22. júní 2006; 4. efnislið 6. töluliðar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um stöðugleika í efnahagsmálum 17. febrúar 2008 og 3. lið 12. töluliðar stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar og ýmissa hagsmunaaðila 26. júní 2009. Með aðild BSRB, fjármálaráðuneytisins og sveitarfélaganna að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins 6. maí 2010 hefur framangreint samstarf verið eflt og treyst enn frekar.

Í ljósi góðrar reynslu af framangreindu samstarfi vilja aðilar starfa saman að því meginmarkmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka námi á framhaldsskólastigi, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum tækifæri til að afla sér menntunar, bæta stöðu sína á vinnumarkaði og í samfélaginu sem heild. Þá þarf framhaldsfræðslan að greiða leið þeirra sem þurfa vegna breyttra aðstæðna á vinnumarkaði á nýrri þekkingu og færni að halda.


Með öflugri framhaldsfræðslu vilja aðilar þannig efla lýðræðislega þátttöku í samfélaginu og stuðla að jákvæðri byggðapróun í landinu, stuðla að jafnrétti, auka félagslega aðlögun jaðarhópa m.a. fatlaðra og innflytjenda að atvinnulífi og samfélaginu, auka læsi fullorðinna, efla íslenskukennslu fyrir fullorðna innflytjendur og auka starfstengda íslenskukennslu fyrir þá.

Aðilarnir hafa á grundvelli þess er að framan greinir undirritað þjónustusamning um verkefni í framhaldsfræðslu, sbr. lög nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu, sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tekur að sér að vinna fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti. Með samningnum er Fræðslumiðstöð atvinnulífsins falin umsjón með ýmsum verkefnum er varða framkvæmd laga um framhaldsfræðslu.


Reykjavík, 24. nóvember 2010




Katrín Jakobsdóttir,
mennta- og menningarmálaráðherra




Steingrímur J. Sigfússon,
fjármálaráðherra



Gylfi Arnbjörnsson,
f.h. Alþýðusambands Íslands



Vilmundur Jósefsson,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Árni Stefán Jónsson,
f.h. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja



Inga Rún Ólafsdóttir,
f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga